

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1142****2019/EES/58/16**

frá 14. ágúst 2018

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar innleiðingu á tilteknum flokkum skírteina flugvéltækna, breytingu á ferlinu við viðurkenningu íhluta frá utanaðkomandi birgjum og breytingu á heimildum viðhaldskennslufyrirtækja (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um framkvæmdarreglur um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði.
- 2) Til að tryggja samræmt flugöryggi á háu stigi er þörf á að koma á fót kerfi á vettvangi Sambandsins fyrir leyfisveitingar til viðhaldsvotta sem koma að viðhaldi á ELA1-flugvélum og loftförum öðrum en flugvélum og þyrlum. Þetta kerfi ætti að vera einfalt og hóflegt. Því ætti nú að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að setja upp slíkt kerfi.
- 3) Núverandi kröfur varðandi skírteini fyrir viðhaldsvotta, sem sjá um viðhald á rafeindabúnaði og rafkerfum loftfara annarra en þeirra sem eru í hópi flókinna loftfara, eru ekki í réttu hlutfalli við lægra flækjustig þessara loftfara, einkum vegna þess umtalsverður hluti krafna um grunnþekkingu á aðeins við um flókin loftför. Því ætti að innleiða nýtt skírteini fyrir þetta starfsfólk. Kröfurnar fyrir þetta nýja skírteini ættu að tryggja að öryggisstigið sé ekki lækkað, samanborið við það stig sem næst með núverandi skírteini. Innleiðing þessa nýja skírteinis ætti að draga úr hugsanlegri öryggisáhættu sem gæti átt sér stað ef það starfsfólk, sem er tiltækt til að sinna hlutaðeigandi viðhaldsverkefnum, er ekki með tilskilin starfsréttindi og skírteini.
- 4) Við framkvæmd viðhalds er viðtekið að einstaklingar eða stofnanir noti íhluti, hluti eða efni frá þriðja aðila. Nauðsynlegt er að draga úr þeirri áhættu sem tengist viðurkenningu slíkra íhluta, hluta eða efna, einkum og sér í lagi að tryggja að hlutaðeigandi einstaklingar og fyrirtæki hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðurkenning, flokkun og aðskilnaður þeirra fari fram með réttum hætti.
- 5) Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunin“) hefur móttengið tilkynningar um verulegan fjölda svikamála þar sem vísitandi er brotið á þeim prófstöðlum sem komið er á fót í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014. Þau mál voru í tengslum við próf í grunnþekkingu, sem framkvæmd eru af samþykktu viðhaldskennslufyrirtæki, fyrir nemendur sem sóttu ekki grunnþjálfunarnámskeiðið. Þetta ástand hefur leitt til alvarlegra öryggisvandamála, sér í lagi með tilliti til þeirrar áhættu að handhafar skírteina gefi út viðhaldsvottorð fyrir loftfar eftir viðhald án tilskilinnar grunnþekkingar. Gera ætti ráðstafanir nú til að bregðast við þessum öryggisvandamálum.
- 6) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 skulu flugrekendur flókinna, vélknúinna flugvéla, sem starfræktar eru í ábataskyni eða ekki í ábataskyni, tryggja að viðurkennt fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sinni þeim verkefnum sem tengjast áframhaldandi lofthæfi og að samþykkt viðhaldsfyrirtæki sjái um viðhald á loftfarinu og

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 207, 16.8.2018, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

íhlutum til ísetningar í það. Í tilteknum tilvikum, eins og þegar um er að ræða starfrækslu léttra, tveggja hreyfla flugvéla með skrifuhverfihreyflum, sem er ekki í ábataskyni, er sú krafa um hlítu við ákvæði, sem krafist er af slíkum flugrekendum, ekki í réttu hlutfalli við þann ávinning sem hlýst af því að framfylgja þessum kröfum með tilliti til rekstraröryggis. Því ætti að aðlaga kröfurnar sem gilda í slíkum tilvikum. Að teknu tilliti til óhóflegra krafna um hlítu við ákvæði, til þess tíma sem þarf til að aðlaga þessar kröfur og til þess að það er ekki talið skapa verulega áhættu fyrir flugöryggi ef þessum kröfum er ekki beitt fyrr en eftir aðlögun þeirra, ættu þessar kröfur að falla úr gildi fyrst um sinn og aðeins koma til framkvæmda frá viðeigandi síðari dagsetningu.

- 7) Fyrir mistök voru ítarlegar reglur varðandi notkun á VI. viðbæti við III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 felldar brott þegar reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 var breytt með reglugerð (ESB) 2015/1536 <sup>(1)</sup>. Þau mistök ber að leiðrétta.
- 8) Bent hefur verið á tilteknar ritstjórnarlegar villur í V. viðauka a við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 sem hafa leitt til framkvæmdarvandkvæða. Þessar villur ber að leiðrétta.
- 9) Nauðsynlegt er að gefa öllum hlutaðeigandi aðilum nægan tíma til að laga sig að þessum breytta regluramma, sem er afleiðing af þeim ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þessar ráðstafanir ættu því að koma til framkvæmda sex mánuðum eftir gildistökudag reglugerðarinnar. Hins vegar ættu tilteknar ráðstafanir að gilda án tafar, með hliðsjón af tilgangi þessara ráðstafana og þar sem ekki er þörf á verulegri aðlögunarviðleitni af hálfu hlutaðeigandi aðila. Aðrar tilteknar ráðstafanir krefjast frekari aðlögunarviðleitni og ættu því að gilda frá viðeigandi síðari dagsetningu af því að þær hafa í för með sér umbreytingu frá reglu sem er fyrst og fremst samkvæmt landslögum, að breyttum regluramma samkvæmt lögum Sambandsins, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 10) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit Flugöryggisstofnunarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008,

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) í stað 6. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„6. Þar til búið er að bæta við í þessa reglugerð sértækum kröfum um viðhaldsvotta íhluta gilda þær kröfur áfram sem mælt er fyrir um í gildandi landslögum í viðeigandi aðildarríki nema að því er varðar viðhaldsfyrirtæki sem staðsett eru utan Sambandsins en þar þarf Flugöryggisstofnunin að samþykkja kröfurnar.“

- 2) ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í 2. mgr. falli b-liður brott,
- b) ákvæði 5. mgr. falli brott.
- c) eftirfarandi 7. mgr. bætist við:

„7. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að því er varðar fjölhreyflaflugvélar, sem eru búnar skrifuhverfihreyflum, með allt að 5700 kg hámarksflugtaksmassa, og eru ekki eru notaðar við starfrækslu í ábataskyni, skulu 2. og 3. liður g-liðar M.A.201 í I. viðauka (M-hluta) gilda frá 1. janúar 2025.“

<sup>(1)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1536 frá 16. september 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar samræmingu á reglum um áframhaldandi lofthæfi við reglugerð (EB) nr. 216/2008, um brýn viðhaldsverkefni og eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara (Stjórið. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 16).

- 3) ákvæðum I. viðauka (M-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð,
- 4) ákvæðum II. viðauka (145. hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð,
- 5) ákvæðum III. viðauka (66. hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð,
- 6) ákvæðum IV. viðauka (147. hluta) er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð,
- 7) ákvæðum V. viðauka a (T-hluta) er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 5. mars 2019.

Þó gildir eftirfarandi:

- 1) ákvæði c-liðar 2. mgr. 1. gr., 7. mgr. 1. gr. og 1. liðar IV: viðauka koma til framkvæmda frá og með 5. september 2018,
- 2) fyrir viðhald á ELA1-flugvéllum, sem ekki eru hluti af flutningaflugi, og á öðrum loftförum en flugvéllum og þyrlum:
  - a) krafan um að lögbært yfirvald gefi út skírteini flugvéltækis í samræmi við III. viðauka (66. hluta) sem nýtt eða umbreytt skírteini samkvæmt lið 66.A.70 í þeim viðauka kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2019,
  - b) krafan um að viðhaldsvottar hafi starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta), sem mælt er fyrir um í g-lið M.A.606 og 2. lið b-liðar M.A.801 í I. viðauka (M-hluta) og g- og h-lið 145.A.30 í II. viðauka (145. hluta), kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1) efnisyfirlitinu er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar M.A.501 komi eftirfarandi:

„M.A.501 **Flokkun og ísetning**“,

b) í stað liðar M.A.504 komi eftirfarandi:

„M.A.504 **Aðskilnaður íhluta**“,

2) í stað liðar M.A.501 komi eftirfarandi:

„M.A.501 **Flokkun og ísetning**

a) Allir íhlutir skulu flokkaðir í eftirfarandi flokka:

- 1) Íhlutir sem eru í viðunandi ástandi og hafa fengið viðhaldsvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1, eða sambærilegu eyðublaði, og verið merktir í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, nema annað sé tekið fram í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða í þessum viðauka (M-hluta).
  - 2) Ónothæfir íhlutir sem skulu fá viðhald í samræmi við þessa reglugerð.
  - 3) Íhlutir sem flokkaðir eru sem óendurnýtanlegir vegna þess að þeir eru komnir fram yfir vottaðan endingartíma eða ekki er hægt að lagfæra bilun í þeim.
  - 4) Staðlaðir hlutir, sem notaðir eru í loftfar, hreyfil, loftskrófu eða annan íhlut loftfars, ef þeir eru tilgreindir í viðhaldsgögnunum og þeim fylgja gögn um samræmi sem hægt er að heimfæra til gildandi staðals.
  - 5) Bæði hráefni og rekstrarefni, sem notuð eru við viðhald, þegar fyrirtækið er þess fullvisst að efnið uppfylli tilskilda forskrift og að rekja megi feril þess á viðeigandi hátt. Með öllu efni verða að fylgja gögn sem varða greinilega viðkomandi efni og innihalda yfirlýsingu um að forskriftum sé fylgt auk upplýsinga um framleiðanda og birgi.
- b) Í loftfar eða íhlut skal aðeins setja íhluti, staðlaða hluti og efni ef þau eru í fullnægjandi ásigkomulagi, tilheyra einum af flokkunum sem tilgreindir eru í a-lið og ef íhluturinn, staðlaði hluturinn eða efnið er tilgreint í viðeigandi viðhaldsgögnum.“

3) í stað d-liðar M.A.502 komi eftirfarandi:

„d) Þrátt fyrir a-lið og 2. lið b-liðar M.A.801 er viðhaldsvottum, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801, heimilt að framkvæma eftirfarandi samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar:

- 1) viðhald annað en grannskoðun á íhlutum meðan íhluturinn er fastur á eða hefur verið tímabundið fjarlægður úr ELA1-loftfari, sem ekki er notað í flutningaflugi,
- 2) grannskoðun á hreyflum og loftskrófum meðan þau eru föst á eða hafa verið tímabundið fjarlægð úr CS-VLA-, CS-22- og LSA-loftförum, sem ekki eru notuð í flutningaflugi.

Ekki má gefa út EASA-eyðublað nr. 1 fyrir viðhald á íhlutum, sem er framkvæmt í samræmi við d-lið, en um slíkt viðhald gilda kröfur M.A.801 um viðhaldsvottorð.“

4) í stað liðar M.A.504 komi eftirfarandi:

„M.A.504 **Aðskilnaður íhluta**

- a) Aðskilja skal ónothæfa og óendurnýtanlega íhluti frá nothæfum íhlutum, stöðluðum hlutum og efnum.
- b) Ekki skal vera heimilt að setja óendurnýtanlega íhluti aftur í íhlutabirgðakerfið nema vottaður endingartími hafi verið framlengdur eða úrlausn til viðgerða hafi verið samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

5) eftirfarandi komi í stað g-liðar M.A.606:

„g) Viðhaldsfyrirtækið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda viðhaldsvotta til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftför og íhluti samkvæmt liðum M.A.612 og M.A.613. Viðhaldsvottarnir skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. í III. viðauka (66. hluta) fyrir loftför,
2. í 6. mgr. 5. gr. í þessari reglugerð fyrir íhluti.“,

6) í stað c-liðar M.A.608 komi eftirfarandi:

„c) Fyrirtækið skal skoða og flokka alla íhluti, staðlaða hluti og efni sem henni berast, og aðskilja þau á tilhlýðilegan hátt.“,

7) í stað fyrsta málslíðar í VII. viðbæti komi eftirfarandi:

„Eftirfarandi viðhaldsvinna fellur undir þau flóknu viðhaldsverkefni sem um getur í b-lið 2. liðar M.A.801 og c-lið M.A.801.“.

\_\_\_\_\_

## II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

1) efnisyfirlitinu er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 145.A.40 komi eftirfarandi:

„145.A.40 **Búnaður og verkfæri**“,

b) í stað liðar 145.A.42 komi eftirfarandi:

„145.A.42 **Íhlutir**“,

2) í stað f-, g-, h- og i-liðar 145.A.30 komi eftirfarandi:

„f) Fyrirtækið skal sjá til þess að starfsfólk, sem framkvæmir eða hefur eftirlit með prófunum án eyðileggingar (NDT-prófunum) á burðarvirki og/eða íhlutum loftfars, með tilliti til áframhaldandi lofthæfis, hafi tilskilin starfsréttindi til að framkvæma þessa tilteknu prófun án eyðileggingar í samræmi við Evrópustaðal eða sambærilegan staðal sem Flugöryggisstofnunin viðurkennir. Starfsfólk, sem vinnur önnur sérhæfð verkefni, skal hafa tilskilin starfsréttindi í samræmi við opinberlega viðurkennda staðla. Þrátt fyrir ákvæði þessa liðar, má starfsfólk, sem um getur í g-lið og 1. og 2. lið h-liðar og er með starfsréttindi í flokki B1, B3 eða L í samræmi við III. viðauka (66. hluta), framkvæma og/eða hafa eftirlit með prófunum þar sem leitað er að skemmdum með litarefnum.

g) Nema annað sé tekið fram í j-lið verða fyrirtæki, sem annast leiðarviðhald loftfars, hafa á að skipa viðhaldsvottum með viðeigandi loftfarstegundaráritun og starfsréttindi í flokkum B1, B2, B2L, B3 og L, eins og við á, í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og lið 145.A.35.

Að auki mega slík fyrirtæki einnig nota viðhaldsvotta, sem hafa fengið viðeigandi verkefnaþjálfun og eru með réttindi, sem sett eru fram í 1. lið a-liðar 66.A.20 og ii. lið 3. liðar a-liðar 66.A.20, og hafa starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og lið 145.A.35, til að framkvæma minni háttar reglubundið leiðarviðhald og einfaldar lagfæringar á bilunum. Enda þótt slíkir viðhaldsvottar séu tiltækir vegur það ekki upp á móti þörfinni fyrir viðhaldsvotta sem er með starfsréttindi í flokki B1, B2, B2L, B3 og L, eins og við á.

h) Nema kveðið sé á um annað í j-lið skulu öll fyrirtæki, sem annast viðhald loftfara uppfylla eftirfarandi:

1. Ef um er að ræða aðalviðhald á flóknum, vélknúnum loftförum: hafa viðhaldsvotta með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og starfsréttindi í flokki C skv. III. viðauka (66. hluta) og lið 145.A.35. Að auki skal fyrirtækið hafa á að skipa nægu starfsfólki með viðeigandi loftfarstegundaráritun og með starfsréttindi í flokkum B1 og B2, eins og við á, skv. III. viðauka (66. hluta) og lið 145.A.35, til aðstoðar viðhaldsvottum í flokki C.

i. Faglegir ábyrgðarmenn í flokkum B1 og B2 skulu sjá til þess að öll viðeigandi verkefni eða skoðanir hafi verið framkvæmdar í samræmi við tilskilda staðla áður en viðhaldsvottar í C-flokki gefa út viðhaldsvottorð.

ii. Fyrirtækið skal halda skrá yfir alla faglega ábyrgðarmenn í flokkum B1 og B2.

iii. Viðhaldsvottar í flokki C skulu fullvissa sig um að ákvæðum i. liðar hafi verið fylgt og að þeirri vinnu sem viðskiptavinurinn fer fram á hafi verið lokið í viðkomandi aðalviðhaldsskoðun eða verkhluta og þeir skulu einnig meta áhrif þeirra verka sem voru ekki framkvæmd með það fyrir augum að krefjast þess að annaðhvort verði þau unnin eða að komist verði að samkomulagi við flugrekandann um að fresta þeim verkum fram að annarri, tiltekinni skoðun eða í tiltekinn tíma.

2. Ef um er að ræða aðalviðhald á loftförum öðrum en flóknum, vélknúnum loftförum hafa annaðhvort:

i. viðhaldsvotta með viðeigandi loftfarstegundaráritun og starfsréttindi í flokkum B1, B2, B2L, B3 og L eins og við á, í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og lið 145.A.35,

ii. viðhaldsvotta með viðeigandi loftfarstegundaráritun og starfsréttindi í flokki C og njóta aðstoðar faglegra ábyrgðarmanna eins og sett er fram í i. lið a-liðar í 145.A.35.

i) Viðhaldsvottar íhluta skulu hafa réttindi og hæfi í samræmi við 6. mgr. 5. gr. og i. lið a-liðar í lið 145.A.35.“,

3) í stað a- og b-liðar í 145.A.35 komi eftirfarandi:

„a) Til viðbótar við kröfurnar í g- og h-lið í lið 145.A.30 skal fyrirtækið sjá til þess að viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn hafi næga þekkingu á viðkomandi loftförum eða íhlutum, eða hvoru tveggja, sem koma til viðhalds, sem og á tilheyrandi verklagsreglum fyrirtækisins. Að því er viðhaldsvottana varðar skal þetta gert áður en vottunarheimild er gefin út eða endurnýjuð.

1. „Faglegir ábyrgðarmenn“: það starfsfólk sem hefur skírteini flugvéltæknis skv. III. viðauka (66. hluta) í flokkum B1, B2, B2L, B3 og/eða L með viðeigandi loftfarsáritanir (e. *aircraft ratings*) og sem vinnur við aðalviðhald en hefur ekki endilega vottunarréttindi.
2. „Viðkomandi loftfar og/eða íhlutir“: þau loftför eða þeir íhlutir sem tilgreindir eru í viðkomandi vottunarheimild.
3. „Vottunarheimild“: sú heimild, sem fyrirtækið gefur út til handa viðhaldsvottum, þar sem tilgreint er að þessu starfsfólki sé heimilt að skrifa undir viðhaldsvottorð fyrir hönd fyrirtækisins með þeim takmörkunum sem koma fram í heimildinni.

b) Ef frá eru talin þau tilvik, sem tilgreind eru í j-lið 145.A.30 og ii. lið 3. liðar a-liðar í 66.A.20, er fyrirtækinu aðeins heimilt að gefa út vottunarheimild til handa viðhaldsvottum sem varðar grunnflokkana eða undirflokkana og, að undanskildu skírteini í flokki A, allar tegundaráritanir sem tiltekna eru á skírteini flugvéltæknis, eins og krafist er skv. III. viðauka (66. hluta), að því tilskildu að skírteinið sé í gildi allan gildistíma heimildarinnar og að viðhaldsvottarnir fullnægi áfram kröfum skv. III. viðauka (66. hluta).“

4) ákvæðum 145.A.40 er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„145.A.40 **Búnaður og verkfæri**“,

b) í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Fyrirtækið skal hafa nauðsynlegan búnað og verkfæri og nota þau til að vinna þau verk sem samþykkið tekur til.

- i. Ef framleiðandi tiltekur ákveðið verkfæri eða búnað skal fyrirtækið nota það verkfæri eða þann búnað nema lögbæra yfirvaldið hafi fallist á notkun annars verkfæris eða búnaðar samkvæmt verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni.
- ii. Búnaður og verkfæri verða ávallt að vera tiltæk nema þegar um er að ræða búnað eða verkfæri sem eru notuð svo sjaldan að ekki sé þörf á að þau séu ávallt tiltæk. Slík tilvik skulu tilgreind í verklagsreglu í starfsemislýsingunni.
- iii. Fyrirtæki sem hefur samþykki til að framkvæma aðalviðhald skal hafa nægan búnað og skoðunarpalla/-kvíar til að komast að loftförum til að unnt sé að skoða loftfarið á tilhlýðilegan hátt.“

5) í stað liðar 145.A.42 komi eftirfarandi:

„145.A.42 **Íhlutir**

„a) Flokkun íhluta. Allir íhlutir skulu flokkaðir í eftirfarandi flokka:

- i. Íhlutir sem eru í viðunandi ástandi og hafa fengið viðhaldsvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1 eða sambærilegu eyðublaði og verið merktir í samræmi við Q-kafla í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, nema annað sé tekið fram í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða í þessum II. viðauka (145. hluta).
- ii. Ónothæfir íhlutir sem skulu fá viðhald í samræmi við þessa reglugerð.
- iii. Íhlutir sem flokkaðir eru sem óendurnýtanlegir vegna þess að þeir eru komnir fram yfir vottaðan endingartíma eða ekki er hægt að lagfæra bilun í þeim.
- iv. Staðlaðir hlutir, sem notaðir eru í loftfar, hreyfil, loftskrúfu eða annan íhlut loftfars, ef þeir eru tilgreindir í viðhaldsgögnunum og þeim fylgja gögn um samræmi sem hægt er að heimfæra til gildandi staðals.

- v. Bæði hráefni og rekstrarefni, sem notuð eru við viðhald, ef fyrirtækið er þess fullvisst að efnið uppfylli tilskilda forskrift og að rekja megi feril þess á viðeigandi hátt. Öllu efni skulu fylgja gögn sem varða greinilega viðkomandi efni og innihalda yfirlýsingu um að forskriftum sé fylgt auk upplýsinga um framleiðanda og birgi.
- b) Íhlutir, staðlaðir hlutir og efni til ísetningar
- i. Fyrirtækið skal setja verklagsreglur fyrir viðurkenningu íhluta, staðlaðra hluta og efna til ísetningar til að tryggja að íhlutir, staðlaðir hlutir og efni séu í fullnægjandi ásigkomulagi og uppfylla viðeigandi kröfur í a-lið.
  - ii. Fyrirtækið skal setja verklagsreglur til að tryggja að íhlutir, staðlaðir hlutir og efni skulu aðeins vera settir í loftfar eða í íhlut ef þeir eru í fullnægjandi ásigkomulagi, uppfylli viðeigandi kröfur í a-lið og ef íhluturinn, staðlaði hluturinn eða efnið er tilgreint í viðeigandi viðhaldsgögnum.
  - iii. Fyrirtækið má framleiða takmarkað úrval af hlutum til nota við yfirstandandi vinnu í eigin starfsstöð, svo fremi sem verklagsreglurnar eru tilgreindar í starfsemislýsingunni.
  - iv. Íhlutir sem um getur í c-lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 skulu aðeins settir í ef eigandi loftfars telur þá hæfa til ísetningar í eigin loftför.
- c) Aðskilnaður íhluta
- i. Aðskilja skal ónothæfa og óendurnýtanlega íhluti frá nothæfum íhlutum, stöðluðum hlutum og eignum.
  - ii. Ekki skal vera heimilt að setja óendurnýtanlega íhluti aftur í íhlutabirgðakerfið nema vottaður endingartími hafi verið framlengdur eða úrlausn til viðgerða hafi verið samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“
-



## III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

1) í efnisyfirliti er bætt við eftirfarandi tilvísunum í VII. og VIII. viðbæti:

- „VII. viðbætur — Kröfur um grunnþekkingu fyrir skírteini flugvéltækis í flokki L
- VIII. viðbætur — Staðlar fyrir grunnpróf fyrir skírteini flugvéltækis í flokki L“,

2) í stað liðar 66.A.3 komi eftirfarandi:

„66.A.3 **Flokkar og undirflokkar skírteina**

Skírteini flugvéltækis nær yfir eftirfarandi flokka og, eftir atvikum, undirflokk og kerfisáritanir (e. *system rating*):

a) Flokkur A, skipt upp í eftirfarandi undirflokk:

- A1 flugvélar með hverfihreyflum,
- A2 flugvélar með bulluhreyflum,
- A3 þyrlur með hverfihreyflum,
- A4 þyrlur með bulluhreyflum.

b) Flokkur B1, skipt upp í eftirfarandi undirflokk:

- B1.1 flugvélar með hverfihreyflum,
- B1.2 flugvélar með bulluhreyflum,
- B1.3 þyrlur með hverfihreyflum,
- B1.4 þyrlur með bulluhreyflum.

c) Flokkur B2

Skírteinið í flokki B2 gildir fyrir öll loftför.

d) Flokkur B2L

Skírteini í flokki B2L gildir fyrir öll loftför önnur en þau sem eru í hópi 1, skv. 1. lið liðar 66.A.5, og er skipt upp í eftirfarandi „kerfisáritanir“:

- fjarskipti/leiðsaga (com/nav),
- mælitæki,
- sjálfstýring,
- kógun,
- kerfi flugskrokks.

Skírteini í flokki B2L skal að lágmarki innihalda eina kerfisáritun.

e) Flokkur B3

Skírteini í flokki B3 gildir fyrir flugvélar með bulluhreyfli án jafnþrýstibúnaðar með að hámarki 2000 kg hámarksflugtaks massa.

f) Flokkur L, skipt upp í eftirfarandi undirflokk:

- L1C: svifflugur úr samsettum efnivið,
- L1: svifflugur,
- L2C: vélsvifflugur úr samsettum efnivið og ELA1-flugvélar úr samsettum efnivið,
- L2: vélsvifflugur og ELA1-flugvélar,
- L3H: hitaloftbelgir,

- L3G: gasloftbelgir,
- L4H: hitaloftskip,
- L4G: ELA2-gasloftskip,
- L5: gasloftskip önnur en ELA2-gasloftskip.

g) Flokkur C

Skírteini í flokki C gildir fyrir flugvélar og þyrlur.“,

3) í stað liðar 66.A.5 komi eftirfarandi:

„66.A.5 **Flokkar loftfara**

Að því er varðar áritanir á skírteinum flugvéltækna skulu loftför flokkuð í eftirfarandi hópa:

- 1) Hópur 1: flókin vélknúin loftför, fjölhreyfla þyrlur, flugvélar með skráða hámarksflughæð yfir fluglagi 290, loftför sem búin eru rafboðastýri, gasloftskip önnur en ELA2-gasloftskip og önnur loftför sem gerð er krafa um loftfarstegundaráritun fyrir samkvæmt skilgreiningu Flugöryggisstofnunar.

Flugöryggisstofnunin getur valið að flokka loftfar, sem uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í fyrsta undirlið, í hóp 2, hóp 3 eða hóp 4, eins og við á, ef hún telur að lægra flækjustig fyrir viðkomandi loftfar réttlæti það.

- 2) Hópur 2: loftför, önnur en þau í hópi 1, sem tilheyra eftirfarandi undirhópum:

i. Undirhópur 2a:

- eins hreyfils skrufubotur,
- flugvélar með þotuhreyflum og fjölhreyfla skrufubotur sem Flugöryggisstofnunin flokkar í þennan undirhóp vegna lægra flækjustigs þeirra.

ii. Undirhópur 2b:

- eins hreyfils þyrlur með hverfihreyfli,
- þær fjölhreyfla þyrlur með hverfihreyflum sem Flugöryggisstofnunin flokkar í þennan undirhóp vegna lægra flækjustigs þeirra.

iii. Undirhópur 2c:

- eins hreyfils þyrlur með bulluhreyfli,
- þær fjölhreyfla þyrlur með bulluhreyflum sem Flugöryggisstofnunin flokkar í þennan undirhóp vegna lægra flækjustigs þeirra.

- 3) Hópur 3: flugvélar með bulluhreyflum, aðrar en þær í hópi 1.

- 4) Hópur 4: sviffflugur, vélsviffflugur, loftbelgir og loftskip, önnur en þau í hópi 1.“,

4) ákvæðum a-liðar 66.A.20 er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað 4. og 5. liðar:

„4. Skírteini flugvéltækis í flokki B2L gefur handhafa þess leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð og starfa sem faglegur ábyrgðarmaður í flokki B2L fyrir eftirfarandi:

- viðhald sem er framkvæmt á rafkerfum,
- viðhald sem framkvæmt er á rafeindakerfum loftfara innan marka þeirra kerfisáritana sem eru sérstaklega skráðar í skírteininu og
- svo fremi handhafi hafi áritun fyrir „kerfi flugskrokks“, framkvæmd verka tengdum raf- og rafeindabúnaði í fullbúnum hreyflum og vélrænum kerfum sem krefjast aðeins einfaldrá prófana til að sýna fram á nothæfi þeirra.

5. Skírteini flugvéltækis í flokki B3 gefur handhafa þess leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð og starfa sem faglegur ábyrgðarmaður í flokki B3 fyrir eftirfarandi:

- viðhald sem framkvæmt er á burðarvirki flugvéla, fullbúnum hreyflum, vélrænum kerfum og rafkerfum og
- verk tengdum rafeindakerfum loftfara sem kalla aðeins á einfaldrá prófanir til að sýna fram á nothæfi þeirra og ekki á bilanaleit.“,

b) eftirfarandi 6. og 7. liðir bætist við:

„6. Skírteini flugvéltæknis í flokki L gefur handhafa þess leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð og starfa sem faglegur ábyrgðarmaður í flokki L fyrir eftirfarandi:

- viðhald sem framkvæmt er á burðarvirki loftfara, fullbúnum hreyflum, vélrænum kerfum og rafkerfum,
- verk tengdum þráðlausum fjaraskiptum, neyðarsendum (ELT) og ratsjársvarkerfum og
- verk tengdum rafeindakerfum loftfara sem kalla aðeins á einfaldar prófanir til að sýna fram á nothæfi þeirra.

Undirflokkur L2 nær yfir undirflokk L1. Hvers kyns takmörkun við undirflokk L2 í samræmi við h-lið liðar 66.A.45 gildir einnig fyrir undirflokk L1.

Undirflokkur L2C nær yfir undirflokk L1C.

7. Skírteini flugvéltæknis í flokki C gefur handhafa þess leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu aðalviðhaldi loftfars. Réttindin gilda um loftfarið í heild sinni.“

5) í stað a-liðar í lið 66.A.25 komi eftirfarandi:

„a) Fyrir skírteini í öðrum flokkum en B2L og L skal umsækjandi um skírteini flugvéltæknis eða um viðbótarflokk eða undirflokk í slíkt skírteini sýna fram á með prófi kunnáttu í viðeigandi námsáföngum í samræmi við I. viðbæti við III. viðauka (66. hluta). Prófið skal vera í samræmi við staðalinn sem settur er fram í II. viðbæti við III. viðauka (66. hluti) og skal prófið haldið hjá annaðhvort þjálfunarfyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki skv. IV. viðauka (147. hluta) eða hjá lögbæra yfirvaldinu.“

6) ákvæðum 66.A.25 er breytt sem hér segir:

a) í stað b- og c-liðar komi eftirfarandi:

„b) Umsækjandi um skírteini flugvéltæknis í flokki L innan tiltekins undirflokks eða um annan viðbótarflokk skal með prófi sýna fram á kunnáttu í viðeigandi námsáföngum í samræmi við VII. viðbæti við III. viðauka (66. hluta). Prófið skal vera í samræmi við staðalinn sem settur er fram í VIII. viðbæti við III. viðauka (66. hluta) og skal prófið haldið hjá annaðhvort þjálfunarfyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki skv. IV. viðauka (147. hluta) eða hjá lögbæra yfirvaldinu eða samkvæmt samkomulagi við lögbæra yfirvaldið.

Handhafi skírteinis flugvéltæknis í undirflokki B1.2 eða flokki B3 telst uppfylla kröfur um grunnþekkingu fyrir skírteini í undirflokkum L1C, L1, L2C og L2.

Kröfurnar um grunnþekkingu fyrir undirflokk L4H fela í sér kröfurnar um grunnþekkingu fyrir undirflokk L3H.

Kröfurnar um grunnþekkingu fyrir undirflokk L4G fela í sér kröfurnar um grunnþekkingu fyrir undirflokk L3G.

c) Umsækjandi um skírteini flugvéltæknis í flokki B2L með tiltekna „kerfisáritun“ eða um að bæta við annarri „kerfisáritun“ skal með prófi sýna fram á kunnáttu í viðeigandi námsáföngum í samræmi við I. viðbæti við III. viðauka (66. hluta). Prófið skal vera í samræmi við staðalinn sem settur er fram í II. viðbæti við III. viðauka (66. hluta) og skal prófið haldið hjá annaðhvort þjálfunarfyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki skv. IV. viðauka (147. hluta) eða hjá lögbæra yfirvaldinu.“

b) eftirfarandi d-, e- og f-liður bætist við:

„d) Tíu árum áður en sótt er um skírteini flugvéltæknis eða um viðbótarflokk eða -undirflokk í skírteini flugvéltæknis skal viðkomandi hafa lokið öllum þjálfunarnámskeiðum og staðist próf. Sé það ekki tilfellið er hægt að fá próf metið í samræmi við e-lið.

e) Umsækjandi getur sótt um það hjá lögbæru yfirvaldi að fá nám metið, að hluta til eða að fullu, vegna krafna um grunnþekkingu fyrir:

- i. próf í grunnþekkingu, sem ekki uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í d-lið,
- ii. alla aðra tæknilega menntun sem lögbært yfirvald telur jafngilda þeirri þekkingu sem krafist er skv. III. viðauka (66. hluta).

Námsáfangar skulu metnir í samræmi við E-kafla í B-hluta þessa viðauka (66. hluta).

- f) Mat rennur út 10 árum eftir að lögbært yfirvald veitir umsækjanda það. Eftir að það rennur út getur umsækjandi sótt um nýtt mat.“,

7) eftirfarandi liðir 2a og 2b bætist við í a-lið liðar 66.A.30:

„2a. að því er varðar flokk B2L:

- i. þriggja ára verklega reynsla af viðhaldi á starfræktu loftfari, sem tekur til samsvarandi kerfisáritunar/-áritana, ef umsækjandi hefur ekki áður hlotið viðeigandi tækniþjálfun eða
- ii. tveggja ára verklega reynsla af viðhaldi á starfræktu loftfari, sem tekur til samsvarandi kerfisáritunar/-áritana, og hafa lokið þjálfun, sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi, sem hæfur starfsmaður á tæknisviði eða
- iii. eins árs verklega reynsla af viðhaldi á starfræktu loftfari, sem tekur til samsvarandi kerfisáritunar/-áritana, og hafa lokið samþykktu grunnþjálfunarnámskeiði skv. 147. hluta.

Til að bæta við nýrri eða nýjum kerfisáritunum við núverandi skírteini í flokki B2L er krafist þriggja mánaða verklegrar reynslu af viðhaldi sem snertir nýju kerfisáritunina fyrir hverja kerfisáritun sem bætist við.

2b. að því er varðar flokk L:

- i. tveggja ára verklega reynsla af viðhaldi á starfræktu loftfari sem nær yfir dæmigert þversnið viðhaldsaðgerða í samsvarandi undirflokk,
- ii. sem undanþága frá i. lið; eins árs verklega reynsla af viðhaldi á starfræktu loftfari, sem nær yfir dæmigert þversnið viðhaldsaðgerða í samsvarandi undirflokki, með fyrirvara um innleiðingu þeirrar takmörkunar sem kveðið er á um í 3. lið ii. liðar h-liðar 66.A.45.

Ef bæta á við viðbótarundirflokki í núverandi L-skírteini, skal reynslan, sem krafist er í i. og ii. lið, vera annars vegar 12 mánuðir og hins vegar 6 mánuðir.

Handhafi skírteinis flugvéltæknis í flokki/undirflokki B1.2 eða B3 telst uppfylla kröfur um grunnreynslu fyrir skírteini í undirflokkum L1C, L1, L2C og L2.“,

8) í stað liðar 66.A.45 komi eftirfarandi:

„66.A.45 **Að skrá loftfarsáritanir í skírteini**

- a) Til að hafa rétt á að neyta vottunnarréttinda á tilgreinda tegund loftfars þarf handhafi skírteinis flugvéltæknis að hafa viðeigandi loftfarsáritanir skráðar í skírteini sínu:

— Viðeigandi loftfarsáritanir fyrir flokka B1, B2 og C eru eftirfarandi:

- i. fyrir loftför í hópi 1, viðeigandi loftfarstegundaráritun,
- ii. fyrir loftför í hópi 2, viðeigandi loftfarstegundaráritun, undirhópsáritun, bundin við framleiðanda, eða full undirhópsáritun,
- iii. fyrir loftför í hópi 3, viðeigandi loftfarstegundaráritun eða full hópáritun,
- iv. fyrir loftför í hópi 4, fyrir skírteini í flokki B2, full hópáritun.

— Viðeigandi loftfarsáritanir fyrir flokk B2L eru eftirfarandi:

- i. fyrir loftför í hópi 2, viðeigandi undirhópsáritun, bundin við framleiðanda, eða full undirhópsáritun,
- ii. fyrir loftför í hópi 3, full hópáritun,
- iii. fyrir loftför í hópi 4, full hópáritun.

— Viðeigandi áritun fyrir flokk B3 er „flugvélar með bulluhreyfli án jafnþrýstibúnaðar með að hámarki 2000 kg hámarksflugtaksmassa“.

— Viðeigandi loftfarsáritanir fyrir flokk L eru eftirfarandi:

- i. áritunin „svifflugur úr samsettum efnivið“ fyrir undirflokk L1C,
- ii. áritunin „svifflugur“ fyrir undirflokk L1,
- iii. áritunin „vélsvifflugur úr samsettum efnivið og ELA1-flugvélar úr samsettum efnivið“ fyrir undirflokk L2C,

- iv. áritunin „vélsvifflugur og ELA1-flugvélar“ fyrir undirflokk L2,
  - v. áritunin „hitaloftbelgir“ fyrir undirflokk L3H,
  - vi. áritunin „gasloftbelgir“ fyrir undirflokk L3G,
  - vii. áritunin „hitaloftskip“ fyrir undirflokk L4H,
  - viii. áritunin „ELA2 gasloftskip“ fyrir undirflokk L4G,
  - ix. viðeigandi tegundaráritun fyrir loftskip fyrir undirflokk L5.
- Fyrir flokk A er ekki gerð krafa um neina áritun með fyrirvara um að kröfurnar í lið 145.A.35 í II. viðauka (145. hluta) séu uppfylltar.
- b) Til að fá loftfarstegundaráritanir skráðar í skírteini er gerð krafa um að hafa lokið einu af eftirfarandi með fullnægjandi árangri:
- viðeigandi tegundarþjálfun á loftfar í flokki B1, B2 eða C, í samræmi við III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta),
  - ef um er að ræða tegundaráritanir fyrir gasloftskip á skírteini í flokki B2 eða L5, tegundarþjálfun sem samþykkt er af lögbæru yfirvaldi í samræmi við lið 66.B.130.
- c) Til viðbótar við kröfur b-liðar er gerð krafa um að samsvarandi starfsþjálfun á vinnustað sé lokið með fullnægjandi hætti vegna fyrstu loftfarstegundaráritunar innan tiltekins flokks/undirflokks fyrir önnur skírteini en þau í flokki C. Þessi starfsþjálfun á vinnustað skal uppfylla ákvæði III. viðbætis við III. viðauka (66. hluta), nema þegar um er að ræða gasloftskip, en þá starfsþjálfun skal lögbæra yfirvaldið samþykkja beint.
- d) Þrátt fyrir b- og c-lið má, að því er varðar loftför í hópi 2 og 3, einnig skrá loftfarstegundaráritanir í skírteini þegar:
- viðeigandi tegundarprófi á loftfar í flokki B1, B2 eða C, í samræmi við III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta), hefur verið lokið með fullnægjandi árangri,
  - sýnt hefur verið fram á verklega reynslu á viðkomandi loftfarstegund ef um er að ræða flokka B1 og B2. Verklega reynslan skal í slíku tilviki ná yfir dæmigerðan þverskurð af viðhaldsverkum sem eru dæmigerð fyrir skírteinisflokkinn.
- Þegar um er að ræða áritun í flokki C fyrir einstakling sem telst hæfur verandi handhafi háskólagráðu, eins og tilgreint er í 7. lið a-liðar í lið 66.A.30, skal fyrsta viðeigandi tegundarprófið á loftfar vera á sama stigi og í flokki B1 eða B2.
- e) Fyrir loftför í hópi 2 gildir eftirfarandi:
- i. til að handhafar skírteina í flokkum B1 og C geti fengið skráð í skírteini sitt undirhópsáritanir, sem bundnar eru við framleiðanda, þurfa þeir að uppfylla kröfur vegna loftfarstegundaráritunar fyrir a.m.k. tvær tegundir loftfara frá sama framleiðanda sem saman eru dæmigerðar fyrir viðeigandi undirhóp framleiðanda,
  - ii. til að handhafar skírteina í flokkum B1 og C geti fengið skráð í skírteini sitt fulla undirhópsáritun þurfa þeir að uppfylla kröfur vegna loftfarstegundaráritunar fyrir a.m.k. þrjár tegundir loftfara frá mismunandi framleiðendum sem saman eru dæmigerðar fyrir viðeigandi undirhóp,
  - iii. til að handhafar skírteina í flokkum B2 og B2L geti fengið skráð í skírteini sitt undirhópsáritun, sem bundin er við framleiðanda, og fulla undirhópsáritun þurfa þeir að sýna fram á verklega reynslu sem nær yfir dæmigerðan þverskurð af viðhaldsverkum sem eru dæmigerð fyrir skírteinisflokkinn og viðkomandi undirhóp loftfars og, ef um er að ræða skírteini í flokki B2L, sem eru dæmigerð fyrir viðeigandi kerfisáritun/-áritanir,
  - iv. þrátt fyrir iii. lið e-liðar hefur handhafi skírteinis í flokki B2 eða B2L, sem hefur fulla undirhópsáritun 2b, rétt á að fá skráða í skírteini sitt fulla undirhópsáritun 2c.
- f) Fyrir loftför í hópi 3 og 4 gildir eftirfarandi:
- i. til að handhafar skírteina í flokkum B1, B2, B2L og C geti fengið skráð í skírteini sitt viðbótaráritun vegna fullrar áritunar fyrir hóp 3 og handhafar skírteina í flokki B2 og B2L geti fengið skráð í skírteini sitt viðbótaráritun vegna fullrar áritunar fyrir hóp 4 þurfa þeir að sýna fram á verklega reynslu sem nær yfir þverskurð af viðhaldsverkum, sem eru dæmigerð fyrir skírteinisflokkinn og fyrir hóp 3 eða 4, eftir því sem við á,

- ii. fyrir flokk B1 skal umsækjanda, sem getur ekki lagt fram upplýsingar um reynslu, veitt áritun fyrir hóp 3 með eftirfarandi takmörkunum, sem skulu skráðar í skírteinið:
    - flugvélar með jafnþrýstibúnaði,
    - flugvélar með burðarvirki úr málm,
    - flugvélar með burðarvirki úr samsettum efnivið,
    - flugvélar með burðarvirki úr viði,
    - flugvélar með burðarvirki úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,
  - iii. þrátt fyrir i. lið f-liðar hefur handhafi skírteinis í flokki B2L, sem hefur fulla undirhópsáritun 2a eða 2b, rétt á að fá skráða áritun fyrir hóp 3 og 4.
- g) Fyrir skírteini í flokki B3 gildir eftirfarandi:
- i. til að skrá í skírteini áritunina „flugvélar með bulluhreyfli án jafnþrýstibúnaðar með að hámarki 2000 kg hámarksflugtaksmassa“ þarf að sýna fram á verklega reynslu sem nær yfir þverskurð af viðhaldsverkum, sem eru dæmigerð fyrir skírteinisflokkinn,
  - ii. ef umsækjandi getur ekki sýnt fram á viðeigandi reynslu skal áritunin, sem vísað er til í i. lið, veitt með eftirfarandi takmörkunum, sem skulu skráðar í skírteinið:
    - flugvélar með burðarvirki úr viði,
    - flugvélar með burðarvirki úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,
    - flugvélar með burðarvirki úr málm,
    - flugvélar með burðarvirki úr samsettum efnivið.
- h) Fyrir alla undirflokka skírteinis í flokki L, aðra en L5:
- i. til að skrá áritunir í skírteini þarf að sýna fram á verklega reynslu sem nær yfir þverskurð af viðhaldsverkum, sem eru dæmigerð fyrir undirflokk skírteinisins,
  - ii. ef umsækjandi getur ekki sýnt fram á viðeigandi reynslu skulu áritanirnar veittar með eftirfarandi takmörkunum, sem skulu skráðar í skírteinið:
    - 1) fyrir áritanirnar „svifflugur“ og „vélsvifflugur og ELA1-flugvélar“:
      - loftfar með burðarvirki úr viði sem eru klædd með dúk,
      - loftfar með burðarvirki úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,
      - loftfar með burðarvirki úr málm,
      - loftfar með burðarvirki úr samsettum efnivið,
    - 2) fyrir áritunina „gasloftbelgir“:
      - þó ekki ELA1-gasloftbelgir og
    - 3) ef umsækjandi hefur aðeins sýnt fram á eins árs reynslu, í samræmi við undanþáguna í ii. lið liðar 2b í a-lið 66.A.30, skal eftirfarandi takmörkun skráð í skírteinið:

„flókin viðhaldsverkefni, sem kveðið er á um í VII. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), staðlaðar breytingar, sem kveðið er á um í lið 21.A.90B í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, og staðlaðar viðgerðir, sem kveðið er á um í lið 21.A.431B í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

Handhafi skírteinis flugvéltækis í undirflokki B1.2, sem skráð er með áritun fyrir hóp 3, eða í flokki B3, sem er skráð með árituninni „flugvélar með bulluhreyfli án jafnþrýstibúnaðar með að hámarki 2000 kg hámarksflugtaksmassa“, er talinn hafa uppfyllt kröfurnar fyrir útgáfu skírteinis í undirflokkum L1 og L2 með samsvarandi fulla áritun og með sömu takmörkunum og skírteini í flokki B1.2/B3, sem handhafi hefur undir höndum.“

9) í stað a-liðar í 66.A.50 komi eftirfarandi:

„a) Takmarkanir, sem færðar eru inn á skírteini flugvéltækis, eru undanþágur frá vottunarréttindum og, ef um er að ræða takmarkanir sem um getur í lið 66.A.45, gilda þær um loftfarið í heild sinni.“

10) í stað c- og d-liðar 66.A.70 komi eftirfarandi:

„c) Ef nauðsyn krefur skulu vera takmarkanir í skírteini flugvéltækis í samræmi við lið 66.A.50 til að endurspeglar muninn á:

- i. umfangi starfsréttinda viðhaldsvotta, sem var í gildi í aðildarríkinu fyrir gildistöku dag viðeigandi flokks eða undirflokks skírteinis, sem kveðið er á um í þessum viðauka (66. hluta),
- ii. kröfunum um grunnþekkingu og stöðlunum fyrir grunnpróf sem mælt er fyrir um í I. og II. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta).

d) Þrátt fyrir c-lið, fyrir loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og fyrir loftbelgi, svifflugur, vélknúnar svifflugur og loftskip, skal skírteini flugvéltækis hafa takmarkanir í samræmi við lið 66.A.50 til að tryggja að réttindi viðhaldsvotta, sem voru í gildi í aðildarríkinu fyrir gildistöku dag viðeigandi flokks/undirflokks skírteinis í 66. hluta, og réttindi skírteinis flugvéltækis, sem hefur verið umbreytt skv. 66. hluta, haldist óbreytt.“

11) eftirfarandi komi í stað b-liðar 66.B.100:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta stöðu prófa umsækjanda og/eða staðfesta að námsmat sé í gildi til að fullvissa sig um að kröfurnar í öllum tilskildum námsáföngum skv. 1. viðbæti eða VII. viðbæti, eftir því sem við á, hafi verið uppfylltar eins og krafist er í þessum viðauka (66. hluta).“

12) í stað liðar 66.B.110 komi eftirfarandi:

„66.B.110 **Verklag við breytingu á skírteini flugvéltækis til að bæta við grunnflokki eða undirflokki**

- a) Þegar farið hefur verið að verklagi því sem tilgreint er í 66.B.100 eða 66.B.105 skal lögbæra yfirvaldið skrá í skírteini flugvéltækis þann grunnflokk, undirflokk eða, fyrir flokk B2L, þá eða þær kerfisáritanir sem bætast við, með undirskrift og stimpli eða gefa skírteinið aftur út.
- b) Breyta skal skráakerfi lögbæra yfirvaldsins til samræmis við það.
- c) Ef umsækjandi óskar eftir því skal lögbæra yfirvaldið skipta út skírteini í flokki B2L fyrir skírteini í flokki B2, sem er skráð með sömu loftfarsáritun/-áritunum, þegar handhafinn hefur lagt fram gögn um eftirfarandi:
  - i. próf í mismuninum á milli þeirrar grunnþekkingar sem svarar til skírteinis í flokki B2L, sem handhafi hefur undir höndum, og þeirrar grunnþekkingar sem svarar til skírteinis í flokki B2, eins og sett er fram í I. viðbæti,
  - ii. þá verklegu reynslu sem krafist er í IV. viðbæti.
- d) Ef um er að ræða handhafa skírteinis flugvéltækis í undirflokki B1.2, sem skráð er með áritun fyrir hóp 3, eða í flokki B3, sem skráð er með áritun fyrir „flugvélar með bulluhreyfli án jafnþrýstibúnaðar með að hámarki 2000 kg hámarksflugtaksmassa“, skal lögbært yfirvald gefa út, að fram kominni beiðni, skírteini í undirflokkum L1 og L2 með fullri áritun og sömu takmörkunum og skírteini í flokki B1.2/B3, sem handhafi hefur undir höndum.“

13) í stað f-liðar í 66.B.115 komi eftirfarandi:

„f) Lögbært yfirvald skal tryggja að sýnt sé fram á samræmi við verklega þætti tegundaþjálfunar með einu af eftirfarandi:

